

**AUGLÝSING**  
**um starfsreglur frá kirkjuþingi**  
**um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.**

„STARFSREGLUR  
um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

Í stað orðanna „1. desember næstliðinn“ í 1. ml. 2. mgr. 20. gr. komi: þann dag sem auglýsing um embættið birtist.

2. gr.

Í stað „12“ í 1. ml. 21. gr. komi: 20.

3. ml. ákvæðisins orðist svo: Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast undirbúning og framkvæmd kosningar á ábyrgð kjörstjórnar.

Í stað orðanna „ber að láta“ í 4. ml. 21. gr. komi: lætur

3. gr.

2. ml. 2. mgr. 22. gr. orðist svo: Kjörstjórn er heimilt að ákveða að hafa fleiri en eina kjördeild ef aðstæður í prestakalli þykja gefa tilefni til þess.

3. ml. 2. mgr. 22. gr. fellur brott.

4. gr.

2. ml. 1. mgr. 23. gr. orðist svo: Skal hún lögð fram til sýnis á biskupsstofu og hjá prófasti eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag. Einnig skal hún birt á vef þjóðkirkjunnar.

2. mgr. 23. gr. orðist svo: Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur og skal kjörstjórn auglýsa framlagninguna og hvar kjörskrá liggja frammi í Ríkisútvarpinu og prentuðum fjölmiðli.

5. gr.

26. gr. orðist svo: Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og eiga lögheimili í prestakallinu þegar kjörskrá er lögð fram og hafa náð 16 ára aldri þegar kosning fer fram.

6. gr.

Við 2. mgr. 27. gr. bætist nýr ml. 2 svohljóðandi: Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast framkvæmd kosningar við utankjörfundar- atkvæðagreiðslu á ábyrgð kjörstjórnar.

1. ml. 4. mgr. 27. gr. orðist svo: Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðna daga og ákveðinn tíma á degi hverjum, þó eigi skemur en klukkustund.

7. gr.

Í stað orðsins „Alþingis“ í 32. gr. komi: sveitarstjórna.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 39. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2006.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

Jón Helgason,  
forseti kirkjubings.

Guðmunda Kristjánsdóttir  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 2. nóvember 2005.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson**, biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005